

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar
Ráðhúsinu
800 Selfoss

Hugsanleg aðkoma Oddfellowreglunnar á Suðurlandi að starfi Vinaminnis verði af leigu félagsins á Vallholti 19, neðri hæð.

Eins og fram hefur komið í viðræðum okkar um hugsanlega leigu á Vallholti 19, neðri hæð, fyrir starfsemi Vinaminnis höfum við látið þau orð falla að við ættum eftir að skoða innan Oddfellowreglunnar á Suðurlandi hvort við höfum ekki möguleika á að koma að málum til styrktar starfsemi Vinaminnis til framtíðar, með einum eða öðrum hætti.

Oddfellowreglan á Íslandi vinnur að fjölmörgum verkefnum á sviði líknar- og mannúðarmála á landsvísu auk þess sem einstakar Regludeildir taka ýmis verkefni uppá sína arma, taka þau í „fóstur“ ef svo má segja.

Eigendur Hollvínafélagsins Vallholti ehf. eru Oddfellowar og við sjáum fyrir okkar að það gæti verið verðugt verkefni og í anda Oddfellowreglunnar að huga sérstaklega að þörfum skjólstæðinga Vinaminnis. Þetta er stækkandi hópur og það er vissulega skylda okkar allra að hlúa að þeim einstaklingum sem þar eru.

Með hvaða hætti gæti þessi stuðningur orðið ef af leigu verður?

1. Í viðræðum okkar hefur komið fram að þörf er á góðu útivistarsvæði fyrir skjólstæðingana. Við myndum sjá um að koma því upp, í samráði við stjórnendur Vinaminnis, með fyrirvara um kostnað og samkomulag við eigendur aðliggjandi lóða.
2. Við myndum skipuleggja vinnudaga árlega (eða oftár) þar sem farið yrði yfir ástand hússins og það lagfært sem aflaga hefur farið, eða bæta þarf úr af öðrum ástæðum.
3. Við gætum komið að ýmsu tómsundastarfi fyrir og með skjólstæðingunum, eftir nánara samkomulagi, ef þess er óskað.
4. Oddfellowreglan á Suðurlandi er með starfsemi sína og aðstöðu á efri hæðinni í Vallholti 19 og við sjáum fyrir okkur ýmsa möguleika á að nýta salarkynni þar fyrir starfsemi Vinaminnis, eftir nánara samkomulagi þar um og munum vinna að framgangi þess ef af leigu verður og áhugi er fyrir því.

Fjöldmargt fleira mætti nefna, en við látum þetta duga í bili.

Hér að neðan er slóð inn á vefsíðu Oddfellowreglunnar á Íslandi og á meðf. blaði er ýmsar tilvitnanir sem birtust í Oddfellowblaðinu á síðasta ári.

<https://www.oddfellow.is/is/hvad-er-oddfellow/mannudarmal>

Stjórn Hollvínafélagsins Veallholti ehf.